# Valgrein: FabLab 8.-10. bekkur

*Kennari:* Karin Gerhartl

*Tímafjöldi á viku:* 1 klukkutími á viku á önn

*Kennsluaðferðir og skipulag*: Áhersla er lögð á stafræna framleiðslu, hönnun og nýsköpun. Nemendur læra á forrit Inkscape, vinylskeran, laserskeran og fílament 3D prentara. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingsmiðuð.

*Meginmarkmið:*

- Að kynnast FabLabinu og helstu eiginleikum þess
- Að kynnast helstu vélum og fá að prófa þá
- Að virkja sköpunarþörf sína og koma hugmyndum sínum í sýnilegt form með eigin aðferðum.
- Að njóta leikgleðinnar og miðla hugmyndum sínum með öðrum og ræða þær.
- Að fá að sýna öðrum hæfni sína til smíða og sköpunar.

## Grunnþættir menntunar

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar - Áhersla er lögð á: |
|---|---|
| Læsi | Að lesa eiginleika  mismunandi efna og skynja áhrif þess að beita verkfærum á þau. Að læra nöfn verkfæra og hvernig nafnið tengist vinnslu verkfærisins. Náttúrulæsi |
| Sjálfbærni | Leitast er við að nota afgangs efni frá öðrum eða afsög af skógarefni sem falla til |
| Heilbrigði og velferð | Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verfærunum séu þau ekki noturð rétt. Nærumhverfið |
| Lýðræði og mannréttindi | Hver og einn fær að stjórna sínu verkefni og ræða það við alla sem heyra vilja. |
| Jafnrétti | Allir fá sömu tækifæri, sömu aðstöðu og geta valið sams konar efni. |
| Sköpun | Hver nemandi skapar sinn eigin smíðisgrip eins og hann sér hann með eigin augum. Efla hugmyndavinnu, uppgötva, örva forvitni, virkja ímyndunaraflið. |

Borgarhólsskóli
Húsavík

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið/ markmið | Mat |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og tækninotkun**<br><br>Einföld laserskorin verkefni.<br>Einföld útsaumsverkefni<br>Kynning á 3D hönnun<br>Verkefni eftir eigum hugmyndum og áhuga | Útfærsla eigin hugmynda á einföldum laserskornum verkefnum.<br>Hönnun og útfærsla á einföldum útsaumsverkefnum<br>Samræður við kennara og samnemendur, hugmyndavinna á netinu.<br>Áhersla á hönnun og yfirborðsmeðhöndlun.<br><br>Sýnishorn af verkefnum,vinylskeri, laserskeri, tölvustirður fræsari, 3D prentarar, stafræn útsaumsvél. Efni til vinnslu verkefna. | Að nemandi<br>• verði fær um að undirbúa verk með útfærslu á eigin hugmynd í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla 2024 ásamt því að ná tökum á að nota þau verkfæri sem til þarf.<br>• finni fyrir vellíðan og upplifi sköpunargleði í ferlinu<br>• sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í FabLabinu<br>• skilji mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu<br>• sýni skilning á góðri samvinnu<br>• hafi tamið sér að gera alltaf sitt besta<br>• hafi fengið tilfinningu fyrir því hvað er vel gert og hvað ekki<br>• geti lagt mat á eigin verk<br>• hafi kynnst mismunandi efnum, s.s. leðri, plastefnum og timbri<br>• unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna,<br>• skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga<br>• beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt<br>• tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir<br>• sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði | Símat<br>Verkefni nemenda, kennaraeinkunn.<br>Kennaraeinkunin byggist á vinnubrögðum, færni, umgengni og virkni. |